



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

LOKH3HB03

Lokaverkefni í keppni

Kennari:	Johannes Amplatz (JOA) johannes@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur það helsta sem við kemur keppni og sýningum á íslenskum hestum. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi. Gert er ráð fyrir að nemandinn tengi efni áfangans við þjálfun og undirbúning á sínum hesti fyrir keppni og sýningar. Farið verður í keppnis- og sýningafyrirkomulag, reglugerðir, félagasamtök og verklegar æfingar. Ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning. Mikil áhersla er lögð á að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og geta rökstutt eigið mat.

Undanfari:

HEST3ÞG03, REIM3ÞG05

Einungis nemendur sem komnir eru að námslokum fá að sitja áfangann

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi reglugerðum og keppnisfyrirkomulögum (íþrótta- og gæðingakeppni auk gæðingafimi)
- mikilvægi undirbúnings knapa og hests og skipulags
- hvar á að finna upplýsingar
- mikilvægi þess að koma vinnu sinni á framfæri og rýna í eigin verk og annarra
- hver eru hlutverk mismunandi félagasamtaka um íslenska hestinn
- helstu aðferðum við heimildaleit og nauðsyn þess að vanda meðferð heimilda
- helstu reglum um þau kerfi sem eru notuð
- uppbyggingu og útfærslu mismunandi verkefna
- mikilvægi framkomu sem einkennist af virðingu og fagmennsku
- að setja sér raunhæf, metnaðarfull og hestvæn markmið

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að afla sér upplýsingar
- vinna með og leggja mat á upplýsingar úr heimildum á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt
- fylgja viðurkenndum reglum við gerð og framkvæmd verkefnis
- tala á skýran og faglegan hátt
- tjá sig, í ræðu og riti, á gagnrýninn og uppbyggjandi hátt um sérhæft efni
- temja sér frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- útfæra eigin hugmynd að verkefni tengdu eigin sérgrein
- temja sér sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- setja fram vinnuáætlun og greina verkþætti
- að endurmeta framkvæmd verkefnisins
- kynna eigin verk og taka þátt í sýningu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera raunhæfa áætlun og framfylgja henni
- gera lokaverkefni samkvæmt viðurkenndum aðferðum
- geta nýtt sér upplýsingatækni og aðra miðla við hugmyndavinnu
- vera fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
- tileinka sér vinnuferlið frá hugmynd að fullgerðu verkefni
- fylgja eftir skipulögðu vinnuferli miðað við tímaþátt, endurmat og framkvæmd verkefnisins
- sýna frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- koma vinnu sinni á framfæri í formi verkefna eða sýninga
- rýna í eigin verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega á uppbyggilegan hátt

Námsefni:

Námsefni frá kennara á Innu

Námsmat:

Verkefni úr lögum og reglum	10%
Verkefni „Horfa og lýsa“	15%
Verkefni Gæðingakeppni	10%
Verkefni „Dómgæsla“	35%
Mæting	10%
Frammistaða og virkni	20%

Sérreglur áfangans:

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Mætingu og frammistöðu“.

Skyldumæting er á þau mót þegar nemendur eiga að aðstoða dómara við að rita.

Mæting og frammistaða: Hér er metið hvernig mæting, frammistaða og virkni nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, verkefnaskil, o.s.frv..

ATH: Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
3	15.-17.01.	Hraðkennsla	JOA
4	20.-24.01.	Almenn lög og reglur LH og FEIF	JOA
5	27.-31.01.	Almenn lög og reglur LH og FEIF, leiðari	JOA
6	03.-07.02.	Íþróttakeppni: Fjórtingur	JOA
7	10.-14.02.	Íþróttakeppni: Fimmgangur og Gæðingaskeið 14.02. Vorfrí	JOA
8	17.-21.02.	Íþróttakeppni: Tölt T1 og Skeiðgreinar	JOA
9	24.-28.02.	Gæðingalist	JOA

10	03.-07.03.	Íþróttakeppni: Tölt T2 og TIH 04.03. Suðurlandsdeild – Parafimi og slaktaumatölt	JOA
11	10.-14.03.	Gæðingakeppni: Reglur	JOA
12	17.-21.03.	Gæðingakeppni: A- og B-flokkur 19.-20.03. Kátir dagar 21.03. Flóafár 18.03. Suðurlandsdeild – Fjörgangur	JOA
13	24.-28.03.	Gæðingakeppni: C-Flokkur og barnaflokkur	JOA
14	31.03.-04.04.	Gæðingakeppni: Unglingaflokkur og ungmennaflokkur	JOA
15	07.-11.04.	Gæðingakeppni: Fundur með gæðingadómara 08.04. Suðurlandsdeild – Fimmgangur	JOA, Gæðingadómari
16	14.-18.04.	14.-18.04. Páskafrí	
17	21.-25.04.	21.04. Páskafrí 22.04. Suðurlandsdeild – Tölt og skeið 24.04. Sumardagurinn fyrsti	
18	28.04.-02.05.	Wången 01.05. Frídagur verkalýðsins	
19	05.-09.05.	Fundur með íþróttadómara	JOA, Íþróttadómari
20	12.-15.05.	Lokafundur með íþróttadómara	JOA, Íþróttadómari